

## 8. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 6. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól og vexti, skal málinu vísað til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð. Fjármálaráðuneytið tilnefnir einn nefndarmann. Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengdar eldri vísitölum.

## 9. gr.

Skyldusparnaður er ekki frádráttarbær til tekjuskatts. Skyldusparnaðarskírteini eru framtalsskyld, svo og vextir og verðbætur af þeim. Að öðru leyti njóta skírteinin skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970.

## 10. gr.

Innlausn skyldusparnaðarskírteina fer fram hjá ríkisféhirði. Eftir 15. desember 1991 greiðast ekki vextir af skírteinum og engar verðbætur eru greiddar vegna hækkana vísitölu framfærslukostnaðar eftir 1. nóvember 1991.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 20 frá 5. maí 1976, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Jón Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta, skv. c-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 á árinu 1977.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið, að þeim gjaldendum, sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1977, gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1977, samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra, er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, og einungis til þeirra, sem vænta má, að eigi meira en 48 000 kr. eftir af barnabótum sínum vegna skattársins 1976, eftir að frá hafa verið dregin þau opinberu gjöld fyrir gjaldárið 1977, er um ræðir í 2. mgr. c-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 24 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.
2. Þeir, sem fyrirframgreiðslu óska, skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublöð, sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1977. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.

4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ.e. 31. janúar 1977. Þeir, sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir, skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 28. febrúar 1977.
6. Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1977. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tl. hér að framan og því, að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þingjalda frá fyrri árum.
7. Stefnt er að því, að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1977, hefjist í mars 1977. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 28. febrúar hefst ekki fyrr en í apríl/maí 1977. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.
8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta, hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1977, verður fyrirfram greidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda, að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur, ber gjaldanda að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Jón Sigurðsson.*

23. desember 1976.

Nr. 426.

## AUGLÝSING

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 102 frá 23. desember 1976 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka og innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í lögum nr. 79, um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975, og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundradshluta sem um ræðir í 1. gr. en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Árni Kolbeinsson.*